

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2014

2014/EES/42/13

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013 frá 6. maí 2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvarendi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 736/2013 frá 17. maí 2013 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar tímalengd vinnuáætlunarinnar um að rannsaka fyrirliggjandi sæfandi, virk efni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 613/2013 frá 25. júní 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1451/2007 að því er varðar fleiri virk efni í sæfivörum sem rannsaka skal samkvæmt endurskoðunaráætluninni ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12n (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012):
„eins og henni var breytt með:
– **32013 R 0736**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 736/2013 frá 17. maí 2013 (Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 25).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12ze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007):
„– **32013 R 0613**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 613/2013 frá 25. júní 2013 (Stjtið. ESB L 173, 26.6.2013, bls. 34).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zzo (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/204/ESB):
„12zpp. **32013 R 0414**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013 frá 6. maí 2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvarendi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 125, 7.5.2013, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 414/2013, (ESB) nr. 613/2013 og (ESB) nr. 736/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2013 frá 13. desember 2013 ⁽⁴⁾, hvort sem ber upp síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 125, 7.5.2013, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 204, 31.7.2013, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 173, 26.6.2013, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 154, 22.5.2014, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 22.5.2014, bls. 21.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.